

Áherslur í námsframboði Starfsmenntar árið 2022 – til samstarfssjóða

Á 177. fundi stjórnar Starfsmenntar þann 1.nóvember 2021 var samþykkt að eftirtalin fræðsluvið og námskeið yrðu hluti af námsframboði Starfsmenntar árið 2022. Til grundvallar lá greining á eftirfarandi gögnum:

- Niðurstöður úr viðbótarspurningu við *Stofnun ársins* til félagsmanna Sameykis frá árinu 2020 um hvaða hæfni þeir vildu efla hjá sér.
- Niðurstöður úr könnunum Starfsmenntar meðal stjórnenda, fyrri gerð árið 2020 og sú síðari árið 2021.
- Upplýsingar úr fyrirlestri Herdísar Pálu Pálsdóttur frá 14.október 2021 um hvaða hæfni er mikilvæg fyrir vinnumarkaðinn.
- Yfirlit yfir starfsgreinar sem teknar voru til umræðu á fundi stjórnar Starfsmenntar þann 1.október 2021.

Hér er ekki fjallað um nám, sem stofnanir óska eftir að sett verði upp fyrir starfsfólk, enda er leitast við að verða við óskum og þörfum hvernar stofnunar fyrir sig hverju sinni.

Nám framhaldsskólans og framhaldfræðslunnar

Nám til starfsréttinda hjá framhaldsskólum með námslok á 3.hæfniprepi, greidd eru innritunargjöld og einingagjöld:

- Félags- og tómstundanám einnig brúarnám.
- Félagsliði einnig brúarnám.
- Heilbrigðisritarabraut.
- Læknaritarabraut (heilbrigðisgagnafræðingur, sólarlag).
- Nám fyrir sóttthreinsitækna.
- **Nýtt!** Þjónustutækni. Námslínan var þróun í samvinnu Fjölbrautarskólans við Ármúla og Landspítala – háskólasjúkrahúss með stuðningi Starfsmenntar. Þátttakendur munu koma úr röðum starfsmanna Lsp sem sinna síma-vörslu, flutningum og öryggisvörslu og er áætlað að námið hefjist haustið 2022 við FÁ. Á 156.fundi stjórnar Starfsmenntar var samþykkt að greiða fyrir þátttöku í náminu.
- **NÝTT!** Nám matartækna, kennt við VMA og MK að því gefnu að skólarnir samþykkti samstarfið.

Starfsnám hjá framhaldsfræðsluaðilum skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs með námslokum á 2.hæfniprepi. Greidd eru þátttökugjöld skv. verðlista Fræðslusjóðs

- Fagnám í umönnun fatlaðra.
- Félagsliði brúarnám
- Félagsmála- og tómstundabré
- Stuðningsfulltrúi, brú

Nám hjá samstarfsaðilum og Starfsmennt

Framboðið verður að stórum hluta óbreytt en einnig verður leitast við að finna ný námskeið sem þykja henta hverju sinni.

Námskeið sem hafa verið í námsframboði Starfsmenntar:

- Fjármál og rekstur, bókaránám (almennur og viðurkenndur)
- Þjónustustjórnun, ýmis námskeið
- Tölvur og upplýsingatækni, ýmis námskeið
- Verkefna- og skjalastjórnun
- Íslenska (bæði sem erlent tungumál og fyrir þau sem hafa íslensku að móðurmáli)
- Sjálfsstyrking af ýmsu tagi
- Jafnlaunastaðall
- Launaskólinn

Leitast verður við að finna eða skapa námskeið á eftirtöldum sviðum:

- Stjórnsýsla
 - Persónuvernd
 - Opinber stjórnsýsla, bæði fyrir nýliða og lengra komna
 - Rafræn stjórnsýsla – stafræn samskipti
 - Gæðastjórnun
- Upplýsingatækni
 - Forritun
 - Tölvuöryggi
 - Sýndarveruleiki
 - Fjarfundabúnaður
 - Sjálfvirknivæðing og nýting tækninnar
- Sjálfsstyrking/starfsmannahópurinn
 - Teymisvinna og þátttaka í teyimum
 - Fjarvinna og að halda sönsum í fjarvinnu (tímastjórnun, félagsleg virkni; líkamsbeiting, vinnuaðstaða)
 - Frumkvæði og frumkvöðlahugsun
 - Áföll á vinnustað/salgæsla í kjölfar Covid
 - Starfsmannasamtalið fyrir starfsfólk annars vegar og stjórnendur hins vegar
 - Meðvirkni á vinnustað